

Sveitarfélagið Hornafjörður
Skipulagsstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 7. mars 2018
UST201801-206/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag - breyting - Reynivellir II - Hornafjörður

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 17. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012 – 2030 á svæði Reynisvallar II. Breytingin felur í sér að skilgreina nýjan verslunar- og þjónustureit að Reynivöllum II.

Umhverfisstofnun tekur undir stefnu um ofangreinda uppbyggingu, og telur afar mikilvægt að uppbygging gistirýma falli vel að byggðarmynstri og umhverfi.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að breytingin felst í því að 10 ha svæði breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir verslun og þjónustu hvað varðar landnotkun. Einnig kemur fram að um er að ræða svæði sem er aðallega auravist, graslendi og mólendi.


Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun tekur undir það að uppbygging mun hafa neikvæð áhrif á ásýnd og náttúrulegt landslag svæðisins. Umhverfisstofnun tekur undir það að ef unnið er eftir þeirri stefnu og markmiðum um framkvæmdir sem fram koma í tillögunni þá munu áhrifin ekki verða eins neikvæð og ella.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Rakel S Kristjánsdóttir
Sérfræðingur